

# Virðing alla daga (e. Everyday Respect) hjá Rio Tinto Stöðuskýrsla

## Viðvörðun varðandi innihald

Við viljum vara við því að þessi skýrsla inniheldur persónulegar sögur þeirra sem hafa upplifað einelti, kynferðislega áreitni og kynþáttafordóma. Sem lesandi gætir þú upplifað margs konar tilfinningar, einkum ef þú hefur upplifað eða orðið vitni að slíkri skaðlegri hegðun í eigin persónu. Notfærðu þér þau stuðningsnet sem eru í boði.

# Samantekt

## Inngangur og samhengi

Rio Tinto er eitt stærsta og farsælasta námuvinnslufyrirtæki í heimi með starfsemi í 35 löndum með u.þ.b. 57.000 starfsmenn. Í því skyni að auka getu, stuðla að nýsköpun og bæta öryggi eru stefnumál hópsins um „Everyday Respect“ orðin órjúfanlegur hluti af stefnu fyrirtækisins.

Í mars 2021 stofnaði Rio Tinto „Everyday Respect“ (virðing alla daga) -starfshópin og réð Elizabeth Broderick & Co (EB&Co) til þess að gera sjálfstæða endurskoðun á vinnustaðamenningu fyrirtækisins. Í febrúar 2022 voru niðurstöður og tilmæli endurskoðunarinnar birt í „Everyday Respect“ -skýrslunni. Síðan þá hefur verið lögð rík áhersla á að innleiða menningu sem einkennist af heilbrigði, öryggi og inngildingunni hjá öllum fyrirtækinu á heimsvísu; menningu sem stuðlar að stöðugri og öruggari rekstri, þar sem allir geta dafnað, óháð öllum persónueinkennum.

Í desember 2023, í samræmi við tilmæli E4 úr skýrslunni, fékk Rio Tinto EB&Co til að gera þetta árangursmælingu. Þessi stöðuskýrsla byggir á þeim skilningi að menningarleg umbreyting er flókin, margra ára ferðalag sem hefst á því að vekja fólk til vitundar um að það sé þörf á breytingum, og því fylgt eftir með fjölmörgum aðgerðum sem byrja strax að hafa áhrif. Menningarleg umbreyting verður að veruleika með því að sætta ólík sjónarmið og að lokum innleiða nýjar vinnuaðferðir til að ná fram sameiginlegum framförum. Leiðarljós stöðuskýrslunnar er að meta breytingar út frá þeim sjónarmiðum að benda á „framfarir, ekki fullkomnun“. Þessari stöðuskýrslunni er ætlað að meta stöðu innleiðingarinnar á hverjum tilmælum, benda á hvaða árangur hefur náðst og leggja til svið til að leggja áherslu á til að hraða breytingunum enn frekar. Það veitir innsýn sem nýtist við áframhaldandi innleiðingu á menningarbreytingu Rio Tinto.

Ef haft er í huga umfang starfsemi Rio Tinto, er vaxandi og síbreytilegt eðli vinnuafsisins, sem og fjölbreytt hlutverk þess og flókið starfsumhverfið, er það heilmikið verkefni að gera „Everyday Respect“ að hluta af öllum sviðum fyrirtækisins.

Tveim árum eftir að „Everyday Respect“ -skýrslan árið 2022 var birt er árangurinn augljós og áfram er unnið að sömu markmiðum.

Það krefst vandaðrar nálgunar að mæla jákvæðar breytingar í flóknu hnattrænu umhverfi. Árangurinn birtist ekki sem einföld lína upp á við. Þótt gögnin sýna framfarir á sumum sviðum, eins og búast mátti við, sýna þau einnig fram á stöðnun og jafnvel afturför á öðrum. Þetta er skiljanlegt þegar um miklar breytingar er að ræða, þar sem andstaða er bersýnileg og kann að stuðla að því að skaðleg hegðun aukist á sumum sviðum.

Búist er við að þetta lagist með tímanum ef við missum ekki móðinn. Brýnt er að halda áfram vinnunni til að draga úr andstöðu og bakslagi, og tryggja að skilningur á því að þetta séu nauðsynlegar breytingar sé til staðar, ekki síst hjá framlínuleiðtogum (umsjónarmönnum, verkstjórum og hópstjórum). Í stöðuskýrslunni er bent á svið sem þarf að sýna áframhaldandi athygli.

## Aðferðafræði

Sú innsýn sem sett er fram í þessari stöðuskýrslu byggir á vandaðri og ítarlegri greiningu á gögnum sem safnað var með ýmiss konar rannsóknaraðferðum. EB&Co hélt samræmi í aðferðafræðinni með því að aðlaga þær rannsóknaraðferðir sem notaðar voru í upphaflegu endurskoðuninni frá 2022, þar sem bætt var við heimsóknum á starfsstöðvar Rio Tinto í Mongólíu, Montreal, Nýja-Sjálandi, Pilbara, Saguenay, Salt Lake City, Kitimat, Kennecott og Weipa. Nánari upplýsingar um aðferðafræði könnunarinnar má finna í viðhengi B (Appendix B)

Við gerð stöðuskýrslunnar var leitað til alls 1.318 **starfsfólks** í gegnum áheyrnarfundum, bæði rafrænt og í eigin persónu (í boði á 7 tungumálum), 10.056 **einstaklingar** tóku þátt í könnuninni (í boði á 13 tungumálum) og **342 einstaklingar lögðu sitt af mörkum með skriflegum hætti** (á 13 tungumálum).

## Helstu atriði úr stöðuskýrslunni

- ▶ Tilmælin úr Everyday Respect-skýrslunni frá 2022 hafa að mestu leyti verið innleidd. Af 26 tilmælum hafa 17 verið innleidd og innleiðing á þeim 9 sem eftir standa eru í vinnslu.
- ▶ Skaðleg hegðun er áfram áskorun, sérstaklega fyrir konur og jaðarsetta hópa. Á sumum sviðum benda gögnin til framfara milli árána 2021 og 2024, en á öðrum sýna þau fram á stöðnun eða jafnvel afturför. Þar sem aðeins 2 ár eru síðan Rio Tinto hóf þessa menningarlegu umbreytingu eru þessi gögn úr könnuninni skráður árangur, sem bendir til þess að starfsfólk Rio Tinto hafi ekki enn notið góðs af þeim breytingum sem gerðar hafa verið á síðustu 2 árum að fullu. Einnig ætti að skoða gögnin í víðara samhengi breytinga, þar sem andstaða gegn breytingum er til staðar og kann að sýna sig í aukinni skaðlegri hegðun á sumum stöðum eða meðal sumra hópa.
- Um helmingur svarenda sagði framfarir hafa orðið varðandi einelti, kynferðislega áreitni og kynþáttafordóma hjá Rio Tinto
  - **50% gáfu til kynna að framfarir hafa orðið varðandi einelti** (22% sögðu ástandið mun betra og 28% sögðu ástandið aðeins betra, 24% sögðu engar breytingar, 4% ástandið aðeins verra, 4% sögðu ástandið er miklu verra og 15% sögðust vera óviss um breytingar),
  - **47% gáfu til kynna aðframfarir hafa orðið varðandi kynferðislega áreitni** (26% sögðu ástandið mun betra og 21% sögðu ástandið aðeins betra, 22% sögðu ástandið er óbreytt, 1% ástandið aðeins verra, 1% sögðu ástandið miklu verra og 26% sögðu óviss um breytingar ),
  - **46% sögðu framfarir hafa orðið varðandi kynþáttafordóma** (23% sögðu ástandið mun betra og 23% sögðu ástandið aðeins betra, 24% sögðu ástandið er óbreytt, 2% sögðu ástandið aðeins verra, 2% sögðu ástandið miklu verra og 24% sögðu óviss um breytingar),
- Um tveir þriðju svarenda sögðust vera í það minnsta nokkuð vissir um að Rio Tinto myndi gera verulegar breytingar á hverju þessara málaflokka á næstu tveimur árum (57% varðandi einelti, 67% varðandi kynferðislega áreitni og 63% varðandi kynþáttafordóma)
- Alls höfðu 7% þeirra sem svöruðu könnuninni upplifað kynferðislega áreitni á síðustu 12 mánuðum (eins og árið 2021). Konur voru líklegri til að upplifa kynferðislega áreitni á síðustu 12 mánuðum en karlar (16% samanborið við 4%) og hefur það ekkert breyst síðan 2021
- Alls höfðu 39% svarenda upplifað einelti á síðustu 12 mánuðum (samanborið við 31% árið 2021). Árið 2024 voru konur líklegri til að hafa upplifað einelti á síðustu 12 mánuðum en karlar (50%, samanborið við 36% karla) rétt eins og árið 2021 (36%, samanborið við 29% karla). Þótt tilkynningum um einelti hafi almennt fjölgað hjá öllum kynjum var mesta aukningin milli 2021 og 2024 gegn konum. Þessa aukningu er hægt að skýra með ýmsum þáttum, þar á meðal með auknum formlegum aðgerðum sem svar við aðgerðum Rio Tinto til að stuðla að kynbundnum fjölbreytileika og inngildingun.
- Þegar borin er saman hegðun sem einkennist af kynþáttafordómum við tölur úr könnuninni frá árinu 2021 höfðu alls 7% svarenda upplifað kynþáttafordóma á síðustu 12 mánuðum (eins og árið 2021).
- Alls höfðu 40% svarenda orðið vitni að einelti, kynferðislegri áreitni eða kynþáttafordómum á síðustu 12 mánuðum, þar sem 46% sögðust hafa brugðist við því, en 45% sögðust ekki hafa gert það.
- Af þeim sem höfðu upplifað kynferðislega áreitni á síðustu 12 mánuðum höfðu 13% lagt fram tilkynningu eða kvörtun vegna áreitninnar (svipað og 2021). Af þeim sem höfðu upplifað einelti á síðustu 12 mánuðum höfðu 31% lagt fram tilkynningu eða kvörtun vegna eineltisins (svipað og 2021). Af þeim sem höfðu upplifað kynþáttafordóma á síðustu 12 mánuðum höfðu 12% lagt fram tilkynningu eða kvörtun. Samanburður við árið 2021 er ekki til staðar.

10.056

einstaklingar svöruðu könnuninni

1.318

starfsfólk mættu á áhæymarfundi, annaðhvort á netinu eða í eigin persónu

342

Skriflegar umsagnir

- ▶ Innsýn úr áheyrnarfundum og netkönnunumbendir til nokkurra lykilsviða þar sem árangur hefur náðst sem rekja má til aðgerða Rio Tinto:
- Opinber útgáfa Everyday Respect- skýrslunnar hefur verið mikill hvati til breytinga hjá fyrirtækinu og starfsfólki
- Fólk er tilbúnara að tjá sig og Everyday Respect er hluti af hversdagslegum samræðum
- Leiðtogar hafa tekið að sér að tala fyrir Everyday Respect
- Leiðtogar hafa bætt hæfni sína til að leiðbeina öðrum
- Starfsmannahópurinn er sífellt fjölbreyttari
- Fjölbættri nálgun er beitt í menntun og þjálfun, þar á meðal með Fjólubláum borðum
- Fólk þarf að taka sýnilegri ábyrgð á skaðlegri hegðun
- Hlustað hefur verið á verktaka á mörgum starfsstöðvum
- Bætt aðstaða hefur skipt sköpum fyrir fólk
- ▶ Í skýrslunni er einnig lögð áhersla á nokkrar áskoranir og bent á eftirfarandi svið sem þarf að leggja áherslu á til
  - **Að byggja upp aukinn stuðning** með því að hlusta á og virkja þá sem sýna breytingunum andstöðu, sérstaklega karlmenn
  - **Að halda áfram að auka fjölbreytileika** á öllum sviðum og í öllum hlutverkum með því að gera störfin meira aðlaðandi fyrir konur og ólíka hópa, þar á meðal með metnaðarfullri markmiðum
  - **Að styðja alla með jöfnum hætti** með aukinni áherslu á að allir hópar fái að vera með
  - **Að styrkja tengslin** milli yfirstjórnenda og starfsmanna
  - **Að gera framlínuleiðtogum kleift** að vera málsvarar breytinga með aukinni þjálfun
  - **Að leggja aukna áherslu á sálfélagslegt öryggi** í öryggisstefnu Rio Tinto
  - **Að taka strax á skaðlegri hegðun** til að hindra að hún versni
  - **Að endurskoða tilkynningar- og úrræðaferla** til þess að auka traust og bæta upplifun fólks
  - **Að halda áfram að bæta** aðstöðu og virkja verktaka.

## Niðurstaða

Rio Tinto er tiltölulega skammt á veg komið í Everyday Respect-vegferð sinni, en nú þegar sjást merki sem lofa góðu um bættu menningu, nýsköpun, framleiðni og árangur. Þótt fyrirtækið hafi unnið með virkum hætti að málum er varða fjölbreytileika og inngildingu áður en upphaflega endurskoðunin var gerð var opinber útgáfa Everyday Respect-skýrslunnar hvatinn að bættri vitund, auknum aðgerðum og fjárfestingu. Hún hefur einnig stuðlað að víðtækari breytingu.

Starfsfólkið hefur mikinn vilja til þess að viðhalda þessum árangri svo að Everyday Respect missi ekki dampinn. Ferlið sem er í þessari stöðuskýrslu sem inniheldur mörg hundruð samtala, þátttöku í könnun ásamt heimsóknum á vinnusvæði ýtir undir hraðari breytingar, byggir upp jákvæðari menningu. Vert er að benda á að þátttaka í þessari stöðuskýrslu er meiri 2024 en var 2022 þegar fyrsta úttektin fór fram, sem bendir til þess að helgun starfsfólks Rio Tinto til menningarlega breytinga er til staðar. Bent hefur verið á nokkrar áskoranir í Stöðuskýrslunni sem krefjast stöðugar viðleitni til að halda áfram innleiðingu upphaflegu tilmælanna, sem og frekari aðgerða til að flýta áhrifunum.

Þegar allt kemur til alls hefur Rio Tinto sýnt talsvert hugrekki með því að láta gera ítarlega úttekt á menningu fyrirtækisins og birta niðurstöðurnar. Útgáfa upphaflegu Everyday Respect-skýrslunnar hafði smitandi áhrif í starfsgreininni og hefur hjálpað til við að móta sameiginlegar aðgerðir. Útgáfa þessarar Stöðuskýrslunnar er annað tækifæri fyrir Rio Tinto til að taka höndum saman við aðra aðila og stýra sameiginlegum aðgerðum í námuvinnslugerianum um heim allan. Hún er einnig skýrt dæmi þess að Rio Tinto stendur við gildi sín um umhyggju, hugrekki og framsækni.

Eins og einn starfsmaður Rio Tinto orðaði það er helsta niðurstaða þessa stöðuskýrslu:

“ Það eru greinilega að eiga sér stað breytingar og þær munu stundum verða erfiðar. Við getum ekki hætt við núna ... Ég er hér hjá Rio Tinto því ég vil sjá breytingarnar verða að veruleika. Við megum ekki hvika.